

6. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2022 - 2023 haldinn fimmtudaginn 8. júní 2023 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, Davíð Freyr Jónsson og Frosti Logason. Hrefna Ævarsdóttir fulltrúi foreldraráðsins, Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara, Guðrún Fjóla Ólafsdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

- Staða fjármála eftir maí
Staðan er ágæt og hefur heldur batnað frá síðasta yfirliti. Erum ekki á neinum svörtum listum hjá ráðuneytinu en eitthvað að harðna í ári í framhaldsskólunum. Reynum að halda einingafjölda nemenda innan skynsamlegra marka.
- Breytingar í starfsmannamálum fyrir haustönn 2023
Fimm starfsmenn hætta eða fara í leyfi og sex nýir koma inn í þeirra stað. Aðstoðarskólameistari lætur af störfum við FG eftir 36 ára starfsferil við skólann. Skólanefnd vill koma á framfæri þakklæti til aðstoðarskólameistara fyrir vel unnin störf í langan tíma.
- Innritun 2023
Staða umsókna í FG fyrir haustönn 2023 er góð þ.e. mikil aðsókn er að skólanum. Innritunarkerfið þarf að vera í sífelldri endurnýjun. Skólinn notar ekki mikið fé í auglýsingar en er töluvert virkur á samfélagsmiðlum.
- Farsældarlögin og náms- og starfsráðgjöf
Auður Sigurðardóttir og Dagný H. Broddadóttir námsráðgjafar eru tengiliðir í skólans í sambandi við innleiðingu og framkvæmd farsældarlaganna. Þær fóru yfir stöðu mála í ferlinu og inntak laganna í stórum dráttum. Góð tengsl við málastjóra allra sveitarfélaga eru framfarir, spurning hvort skilvirknin í úrræðum sem standa til boða muni í raun aukast. Jákvætt að fá alla aðila að borðinu eins og t.d. lögregluna, heilsugæsluna o.fl. Þjónusta sem á að vera til staðar fyrir nemendur sem eru á framhaldsskólaaldri.
- Önnur mál
Ný stjórn NFFG er komin vel af stað með að skipuleggja starfsemi næsta skólaárs. Meðal annars er kominn dagsetning á nýnemaball og peysur merktar NFFG verða tilbúnar til sölu í upphafi skólárs.

Fundargögn

- Staða fjármála eftir maí
- Breytingar í starfsmannamálum fyrir haustönn 2023

Fundi slitið kl.12.50

Fundarritari: Snjólaug E. Bjarnadóttir